



Ég hef mikinn áhuga á formum náttúrunnar, segir Carl.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Aðdáun á því litla

Carl Boutard sýnir verk í Ásmundarsafni á sýningu sem hefur yfirskriftina Carl Boutard og Ásmundur Sveinsson: Gróður jarðar.

[kolbrunb@frettabladid.is](mailto:kolbrunb@frettabladid.is)

Carl er fæddur í Svíþjóð en býr á Íslandi og starfar sem lektor við myndlistardeild Listaháskóla Íslands.

„Verk mín endurspeglar einhvers konar aðdáun á því litla í hversdagsleikanum, sem yfirleitt, en ekki alltaf, tengist náttúrunni. Ég hef mikinn áhuga á formum náttúrunnar,“ segir Carl. „Það er svo margt sem hægt er að dást að í lífinu sem er fallett, aðdáunarvert og ókeypis og er í nánasta umhverfi. Það leynist margt í náttúrunni og það er merkilegt rannsóknarefni hvernig plöntur og lífríkið er byggt upp.“

## Endurtekningar náttúrunnar

Á sýningunni eru stór verk eftir Carl, gerð úr pappír, keramik, gífsi og frauðplasti. Eitt verkanna er keramikskúlpúr í fimm hlutum sem sýnir grein af jólatré. „Greinar jólatrjáa eru afar fallegar þegar maður virðir þær fyrir sér í nálægð og form þeirra er aðdáunarvert. Í

okkar huga er jólatréð hins vegar orðið að vöru sem við kaupum, látum standa í tvær vikur heima hjá okkur og hendum síðan út á götu. Það er dæmi um það hvernig menningin þrífst á kostnað náttúrunnar,“ segir Carl.

Endurtekningar í náttúrunni vekja áhuga Carls og hafa veitt honum innblástur. „Náttúran notar endurtekningar og endurtekningar eru greinilegar í verkum mínum á sýningunni, þar sem hver einingin tekur við af annarri og skapar mynstur. Þannig vinnur náttúran og þannig reyni ég líka að vinna.“

## Líkan af húsinu

Hann segist tengja mjög vel við Ásmund Sveinsson og list hans. „Ég tengi mjög sterkt við það hvernig hann vann verk sín. Hann var myndhöggvari eins og ég með sterka þörf fyrir að nota hendurnar. Í byrjun ferils síns er hann figúratífur en fíkrar sig æ meir út í formpælingar eftir því sem líða fer á ferilinn og það verður meiri leikur í verkunum. Ég tengi vel við það að leika með efnið, skoða form og vinna verkið þannig að það leysist upp í að verða ekkert annað en form.“



Það er svo margt sem hægt er að dást að í lífinu sem er fallett, aðdáunarvert og ókeypis og er í nánasta umhverfi.

Ásmundarsafn er einstaklega fallett hús að innan og utan og verk Carls njóta sín þar vel með verkum Ásmundar. „Það skipti mig miklu máli að verk mín í stóra salnum stæðu bein á gólfinu án stöpla, þannig væru þau best tengd byggingunni. Um leið urðu þau að vera stór,“ segir Carl. „Þegar ég var að undirbúa sýninguna var ég með líkan af húsinu og vann með mismunandi stærðir á verkunum áður en ég bjó þau til.“ ■